

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2020.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 258 - 240. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. Um er að ræða þingmál sem var áður lagt fram sem 859. mál á 149. þingi (dvalar- eða hjúkrunarrými fyrir aldraða) og sem 41. mál á 150. þingi (búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum) og sendi félagið umsögn með bréfi dags. 29. október 2019. Vill félagið ítreka það sem áður hefur komið fram af hálfu félagsins. Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar umræðu um þjónustu við eldri borgara og mikilvægi þess að draga úr biðtíma eftir hjúkrunarheimili þegar einstaklingur er í þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimili. Því getur félagið tekið undir liði 1. og 2. í tillögunni.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill hins vegar gera athugasemdir við nokkur atriði sem koma fram í tillögunni og eru ekki í takt við þær áherslur sem unnið er eftir í öldrunarþjónustu í dag. Æskilegt væri að leggja aukna áherslu á nærþjónustu og lýðheilsutengdar forvarnir. Til að mynda með samþættri heimaþjónustu og heimahjúkrun, heilsueflandi samfélögum og auknu aðgengi eldra fólks að úrræðum samfélagsins þrátt fyrir veikindi eða færniskerðingu. Einhliða áhersla á að hraða því ferli sem leiðir til varanlegrar búsetu á hjúkrunarheimili gengur gegn núverandi áherslum í heilbrigðisstefnu um að aðstoða fólk sem lengst á eigin heimili.

Samkvæmt lið 3. í tillögunni er gefið í skyn að tíu dagar séu nægjanlegir til að fullreyna endurhæfingu. Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu er því ekki sammála og bendir á að leggja þurfi áherslu á að efla endurhæfingu á eigin heimili og skilgreina ábyrgðarhlutverk sveitarfélaga í nærþjónustu.

Samkvæmt lið 4. í tillögunni á einstaka læknir að hafa vald til að kveða á um þörf fyrir varanlega búsetu á hjúkrunarheimili. Fyrir því skortir fagleg rök enda byggir færni- og heilsumat á aðkomu fagfólks innan félags- og heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt lið 5. í tillögunni á heilbrigður einstaklingur að geta flutt með maka sínum inn á stofnun þar sem veitt er sólarhringsumönnun. Vert er að hafa í huga að það er verulega íþyngjandi inngríp í líf einstaklings að flytja varanlega á hjúkrunarheimili. Þess í stað ber að leggja áherslu á aukna þjónustu inn á heimili. Skortur á slíkri þjónustu er mun frekar orsök þess að biðlistar eftir færni- og heilsumati og búsetu á hjúkrunarheimili eru langir en að það taki langan tíma að vinna færni- og heilsumat.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í samtali um áherslur í öldrunarþjónustu sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður

Að umsögninni kom Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.